

Fundargerð

1. Almennar upplýsingar

- 1.1. **Heiti verkefnis:** Lagning ljósleiðara í Hrunamannahreppi
- 1.2. **Dagsetning:** 24.10.2018 **Fundartími:** 13:00 – 14:30
- 1.3. **Staður:** Flúðir
- 1.4. **Höfundur:** Guðmundur Daníelsson (GD)
- 1.5. **Mættir:** Jón Valgeirsson(JV), Hannibal Kjartansson(HK), Guðmundur Daníelsson(GD), Hörður Úlfarsson(HÚ), Lúðvig Þorfinnsson(LP)

2. Dagskrá

- Útistandandi mál síðasta verkfundar
- Framgangur við þann áfanga sem unnið er við
- Næstu skref og áfangar
- Önnur mál er varðar efni fundarins

3. Umræður

- Farið var yfir útistandandi mál síðasta verkfundar. Farið var yfir útskýringar á aukareikningum. GD fór fram á að aukareikningar kæmu frá verktaka verksins en ekki undirverktökum og að einingaverð væru í samræmi við einingaverð sem fram koma í tilboði verktaka í verkið. Samþykkt fa HÚ og LP.
- Blæstri ljósleiðarastrengja og tengingum við áfanga 1B er lokið. Búið er að gera við bilun á leiðinni frá Bjargi að Auðsholti. LP gerði grein fyrir orsökum: Við blástur á streng hefur komið högg á strenginn og það orsakað brot á ljósleiðurum. Streng var rúllað upp á kefli, brot klippt af og strengurinn verður notaður annars staðar í verkinu enda sýna mælingar á honum að hann sé heill. Blástur strengja í áfanga 3 er langt kominn og tengingar innan áfangans hafnar. Vonast er til að áfanginn verði tilbúinn í lok viku 44 eða byrjum viku 45. Plægning er hafin í áfanga 7 (frá lðjuslóð að Hvítárdal). Nokkrar breytingar og tilfærslur voru kynntar í áfanga 7. GD uppfærir teikningar og gögn í samræmi við það.
- Í framhaldi af verklokum við áfanga 3 verður hafist handa við blástur og tengingar í áfanga 7. Eftir að jarðvinnu við áfanga 7 líkur hefst vinna við áfanga 8.
- JV lagði fram ósk um að þeir samningar sem gera þarf við fjarskiptafélög verði gerðir í samræmi við fyrirliggjandi fyrirmyndir úr öðrum sambærilegum verkum og að útfært verði fyrirkomulag á innheimtu á aðgangsgjöldum fyrir þá mánuði sem liðnir eru frá því að fyrstu notendur tengdust kerfinu.
- JV óskaði eftir upplýsingum um stöðu á fjölda tengdra, styrkhæfra staða í samhengi við uppgjör gagnvart Fjarskiptasjóði vegna styrkveitingu úr Íslandi Ljóstengt 2017. GD tekur saman gögn og sinnir í framhaldi eftirfylgni með útgreiðslu á styrkjum.
- Rætt var um fyrirliggjandi röralagnir í áfanga 6 sem hugsanlega er hægt að nýta. Einkum er um að ræða rör frá Hruna að Þverspurnu og hugsanlega frá Þverspurnu í átt að Kaldbak. Samþykkt var að verktaki grafi niður á rörið á stað sem er heppilegur fyrir tengibrunna á hvorum enda lagnarinnar, blásið verði ídráttartaug í rörið og strengur dreginn í rörið. Tímasetning á þessari aðgerð verði í samráði við HK en haft í huga að hugsanlega væri ákjósanlegt að flýta þessari aðgerð með tilliti til lækkandi hitastigs þar sem búast má við að vatn, sem þarf að fjarlægja, sé í rörinu á hluta leiðarinnar. Miðað við verkefnastöðu má leiða líkur að því að vel færi á því að fara í þessa aðgerð á meðan verið er að tengja í áfanga 3 og áður en blástur hefst í áfanga 7.
- Fleira ekki rætt.

4. Niðurstaða / Næstu skref

- GD færir inn breytingar í áfanga 7 og sinnir atriðum 3.4 og 3.5 hér að ofan.
- GD sendir verktökum teikningar og tengimyndir af áfanga 7 í viku 44.